

Fundargerð

161. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 4. október 2011 kl. 12⁰⁰–14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) (fjarverandi)
Ögmundur Einarsson (ÖE) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Ólafur Reynir Guðmundsson (ÓRG)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)
Halldór Haraldsson (HH)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Frumvarp að fjárlögum 2012
- (3) Ákvæði í lögum 55/2003 um rafhlöður og rafgeyma
- (4) Skýrslu um starfsemi Úrvinnslusjóðs
- (5) Ráðstöfunaraðilar
- (6) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (160. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum við fundargerðina.

Ákveðið að taka fyrir lið 4 á dagskrá.

4. Tillaga að skýrslu um starfsemi Úrvinnslusjóðs

ÓRG fór yfir stöðu málsins. Hann sagði frá að stefnt væri að því að gera samantekt á starfssemi ÚS. Hann kom með tillögu að verkefnisstjóra samantektarinnar, Guðrínu Meyvantsdóttur, meistaranema í verkfræði.

Stjórn samþykkti Guðrínu Meyvatnsdóttur sem verkefnisstjóra að samantekt um starfsemi ÚS.

ÓRG upplýsti að kostnaðaráætlun vegna samantektarinnar er áætlaður 400.000 kr.

2. Frumvarp að fjárlögum 2012

Lagðar voru fram á fundinum upplýsingar úr fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2012 um úrvinnslugjald. ÓK fór yfir einstaka tölur og lagði jafnframt fram yfirlitsblað sem ÚS vann vegna fjárlagagerðar fyrir árið 2012.

ÓRG yfirlag fund 12:45.

3. Ákvæði í lögum 55/2003 um rafhlöður og rafgeyma

Lögð voru fram á fundinum drög að reglugerð um rafhlöður og rafgeyma dagsett 3.10.2011. Jafnframt var lagt fram drög að yfirliti unnið af ÓK um hlutverk ÚS samkvæmt reglugerðinni. Auknar skyldur eru lagðar á ÚS frá fyrri reglugerð. Þar er það helst að framleiðendur/innflytjendur rafhlaðna kaupa sig frá ábyrgð um söfnun og meðhöndlun rafhlaðna og rafgeyma með greiðslu á úrvinnslugjaldi.

5. Ráðstöfunaraðili

Molta ehf. kt.600407-0580, Furuvöllum 1, Akureyri, samþykkt sem ráðstöfunaraðili í pappa- og pappírsumbúðum.

6. Önnur mál

Tölur UST um umbúðir og umbúðasöfnun fyrir árið 2009 voru lagðar fram á fundinum. GGP taldi að stjórn ÚS þyrfti að huga séstaklega að gler- og málmumbúðum.

Ársfundur Úrvinnslusjóðs ákveðinn 27. október 2011

Fundi slitið kl 14:00

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs.